

Starfshópur, Krýsuvík, framtíðarnýting

Fundur 10.

17. des 2019

Mættir:

Starfshópur:

Skarphéðinn Orri Björnsson, formaður

Ágúst Bjarni Garðarsson

Sverrir Jörstad Sverrisson

Karólína Helga Símonardóttir

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir

Helga Stefánsdóttir

Forföll:

Fundarefni:

Verkátun Eflu tekin til umræði.

SOB ræðir við HS-orku um hvort hægt er að fá gögn varðandi:

- Umfang tillagna HS- Orku að mögulegri jarðhitavinnslu í Krýsuvík:
 - o Umfang virkjunar, lagna og líklegar staðsetningar á vinnslusvæði
 - o Tengimöguleikar vegna jarðhitavats, kaldavatsveitu og rafmagns
 - o Auðlindanýting og losun á svæðinu, til dæmi vatnstaka, losun vatns og lofttegunda

Ef gögnin eru aðgengileg þá mun HS fá Eflu til að uppfæra verkátun.

Sverrir Jörstad Sverrisson fulltrúi Samfylkingarinnar óskar bókað:

„Í vinnu starfshópsins hefur aðalega verið rætt um fjögur atriði sem við viljum leggja áherslu á.

- *Hugmyndir um rafvirkjun við Seltún.*
- *Hugmyndir um uppbyggingu hverasvæðis við Seltún með það að markmiði að auka upplifun ferðamanna og auka þjónustu við þá.*
- *Hugmyndir um uppbygging ferðamanna aðstöðu við Krýsuvíkurborg Með það að gera svæðið aðgengilegra og draga úr fall hættu sem á staðnum óneitalega eru.*
- *Hugmyndir um uppgræðslu örfoka lands með aðkomu atvinnulífsins með það að markmiði að kolefnisjafna sveitafélagið og að Hafnarfjörður taki forustu á Sveitafélagsstiginu í að spyrna gegn hnattrænni hlýnun.*



HAFNARFJÖRÐUR

Á síðasta fundi starfshópsins var rætt um tilboð verkfræðistofunnar Eflu um að gera greinagerð á áhrifum virkjunargerðar, skoða virk jarðhitasvæði í Krýsuvík og meta möguleika á nýtingu fyrir raforkuframleiðslu. Meginmarkmiðið er að meta kosti og galla við nýtingu, kostnað virkjunar, (boranir, tengivirki, niðurdælingu) og meta fjárhagslegan ávinning og umhverfisáhrif á uppbyggingu fyrir Krýsuvíkursvæðið.

Í ljósi þess að væntanlegur kostnaður við greinagerð Verkfræðistofunnar Eflu verður umtalsverður er það mat mitt að ekki sé réttlætanlegt að fara út í slíkan kostnað á kostum og göllum eins af þeim fjórum þáttum sem hafa verið í skoðun hjá starfshópnum, án þess að hinum þremur þáttunum sé að sama hætti gefin gaumur.

Það er því tillaga mín að í stað þess að fara ítarlega greiningu á kostum og göllum virkjunar í Krýsuvík sé leitast við að taka saman heilstætt mat á öllum þeim atriðum sem hafa verið ræddir í starfshópnum.

Rök mín eru að erfitt verður að skapa sátt um uppbyggingu Krýsuvík án þess að tekið verði tillit til þeirra fjölmörgu sem eiga erfitt með að samþykkja uppbyggingu raforkuvirkjunar í Krýsuvík, með þeim umhverfisáhrifum sem óneitanlega verða við svo viðamikla framkvæmt, án þess að sýnt sé fram á brýna þörf á þeim. Ekki hvað síst í ljósi þess að öðrum möguleikum á nýtingum svæðisins séu ekki greindir og hugur íbúa til væntanlegra virkjunaframkvæmda ekki verið kannaður."

Við greiningu á öðrum þáttum í og við uppbyggingu á Krýsuvíkursvæðinu væri til að mynda hægt að skoða Meistaraverkefni Helgu Stefánsdóttur um svæðið. Það væri jafnvel hægt að fá höfund til að draga fram í skýrslu helstu þætti sem vert væri að leggja áherslu á og skerpa á möguleikum svæðisins sem fjölbreytt útivistasvæði og ferðamannaparadís.

Næsti fundur verður mánudaginn 6. janúar kl. 15:30.

Ritað/HS